



# Er hagsmuna neytenda gætt í nýjum búvörusamningum?

Daði Már Kristófersson  
Háskóli Íslands





# Núverandi landbúnaðarkerfi

- I. **Innflutningshömlur** á kjöt, egg, mjólkurafurðir og sumt grænmeti
- II. **Stuðningur til bænda** (alls um 13 milljarðar)
  - Beinar greiðslur í mjólkurframleiðslu og sauðfjarrækt
  - Framleiðslutengdur stuðningur í framleiðslu lambakjöts og sumra tegunda grænmetis
  - Dálítill almennur stuðningur
- III. **Framleiðslutakmarkanir og opinber verðlagning** mjólkurafurða





# Hver eru áhrif inngripa á vöruverð?

- Stuðningur lækkar verð ef verðlagning er frjáls
  - Dæmi: lambakjöt, gúrkur, tómatar
- Áhrif stuðnings á verð eru óviss ef markaðir eru reglaðir
  - Dæmi: mjólkurvörur
- Tollvernd hækkar verð og dregur úr vöruframboði






# Í tollvernd felst umfangsmikill stuðningur

■ Erlent verð ■ Tollar ... Innlent verð

**Erlent verð og tollar sem % af innlendu verði**  
Innlent heildsöluverð = 100





# Kostnaður neytenda


- **Beinn kostnaður** vegna stuðnings um 13 milljarðar
  - Eykur við almenna skattlagningarþörf með tilheyrandi kostnaði (um 15% að mati OECD)
- **Óbeinn kostnaður**
  - Munur á áætluðu innflutningsverði og innlendu verði milli 6 og 8 milljarðar
  - Kostnaður vegna takmarkaðs samkeppnisaðhalds
  - Kostnaður vegna minna vöruúrvals



Beingreiðslur til bænda og tollar á búvörur eru tvöfalt hærri en í Evrópu

### Framleiðslustuðningur sem hlutfall af tekjum bænda

PSE gildi




Heimild: OECD (2015)

Mikill hluti tekna bænda háður opinberum stuðningi og innflutningshömlum

### Stuðningsþörf sem hlutfall af tekjum bænda

Stuðningsþörf  
Sölutekjur



Heimildir: OECD, Hagstofan, eigin útreikningar






# Styrkjaumhverfið

## Ýmsir hnökrar

- Styrkir bundnir við fáar búgreinar – aðallega hefðbundinn búskap
  - Takmarkar nýsköpun
  - Hægir á þróun búskaparháttanna og eðlilegri þróun
- Réttur til styrkja að verulegu leyti framseljanlegur
  - Hagræðing skili sér í minna mæli til neytenda

## Minna en 10% af landbúnaðarstuðningi er almennur

Niðurgreiðslur í landbúnaði, ma. kr. (2012)





# Ábati neytenda

- Byggðaáhrif
  - Undirstaða annarrar byggðar
- Tenging við aðrar atvinnugreinar
  - Úrvinnsla, ferðaþjónusta...
- Fæðuöryggi
- Matvælaöryggi
- Umhverfisáhrif?







# Nýir búvörusamningar

- Hvað er á borðinu?
  - Afnám opinberrar verðlagningar, en...
    - Áframhaldandi reglun verðs á mjólk
    - Áframhaldandi undanþága mjólkuriðnaðarins frá samkeppnislögum
  - Fjölbreyttari stuðningsform, en...
    - Nær allt bundið við hefðbundinn búskap
    - Stór hluti stuðnings óbreyttur
  - Nær óbreytt markaðsvernd
  - Mjög hægfara breytingar





# Hvaða breytingar væru til bóta?

- Auka samkeppni og aðhald – t.d. með auknum gagnkvæmum markaðsaðgangi við nágrannalönd
- Aukin samkeppni í framleiðslu og vinnslu
- Stuðningskerfið stuðli að framleiðniaukningu, nýsköpun og eðlilegri þróun í landbúnaði
- Draga úr neikvæðum áhrifum kerfisins á samkeppnishæfni
- Skapa umhverfi sem leyfir bændum að taka ákvarðanir á eðlilegum viðskiptalegum forsendum






# Afnám tolla á grænmeti skilaði árangri

## Verðþróun grænmetis á Íslandi

Raunverð, vísitala (1998=100)



- Innlend framleiðsla á gúrkum dróst saman í upphafi en hafði náð sömu markaðs-hlutdeild og fyrir afnám tolla 7 árum síðar, eða um 93%.



- Sambærileg þróun átti sér stað í tómataræktun
- Framleiðsla á kirsuberjatómötum hefur nú nífaldast og heildarverð til bænda hækkað



# Dæmi um gagnlegri aðgerðir

Aðgerðir sem koma betur til móts við hagsmuni neytenda og langtíma uppbyggingu efnahagslega sjálfbærs atvinnulífs á landsbyggðinni

#1

## Tollvernd slakað í nokkrum skrefum yfir lengra tímabil

- Með samningum um gagnkvæman markaðsaðgang má lækka vöruverð, skapa forsendur til aukins stuðnings og útflutningstækifæri fyrir landbúnaðinn

#2

## Jarðræktarstuðningur sem undirstaða

- Ríkið skiptir sér ekki af því hvað bændur framleiða, en hvetur til ræktunar lands
- Stuðningurinn rennur í upphafi til núverandi beingreiðsluhafa

#3

## Sértækur stuðningur minnkar

- Sérstök stuðningskerfi verða áfram til fyrir lambakjöt, ull, nautakjöt og grænmeti, en í smærri mynd

#4

## Stuðningur við aðra þætti eykst

- Fjárfestingarstuðningur hvetur til nýsköpunar og nýliðunar
- Aukinn stuðningur við jaðarbúgreinar og framleiðslu sérvöru






# Möguleg þróun stuðnings

## Stuðningur til landbúnaðar

Ma. kr.

## Breyting

Ma. kr.





# Er hagsmuna neytenda gætt í nýjum búvörusamningum?

**Nei, en næg tækifæri  
eru til að gera betur**





# ENDIR



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ